

## \*Tollmeðferð hluta í ábyrgð

Úrskurður nr. 6/2000.

**Kærandi málsins sætti sig ekki við að þurfa að greiða aðflutningsgjöld af veiðistöng sem send var erlendis til viðgerðar. Hinn erlendi ábyrgðaraðili sendi nýja stöng þar sem viðgerð þótti of viðamikil. Tollstjóri úrskurðar að greiða skuli aðflutningsgjöld af vörunni. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu tollstjóra.**

Lög nr. 55/1987 4gr., 7.gr. og 101.gr. Lög nr. 50/1988 1.gr., 36.gr. Reglugerð 194/1990 2.gr. Reglugerð 545/1990 4.gr.

Með bréfi, dags. þann 4. júlí árið 2000, sem barst nefndinni 7. s.m., kærir P, úrskurð tollstjóra nr. 8/2000 frá 27. júní 2000. Í hinum kærða úrskurði er kæranda gert að greiða aðflutningsgjöld kr. 5.161,- af veiðistöng sem hann sendi erlendis til viðgerðar. Stöngin reyndist það gölluð að ábyrgðaraðilinn sendi nýja stöng í staðinn. Kærandi telur að um sé að ræða tvísköttun þar sem hann hafi við innflutning hinnar gölluðu veiðistangar greitt lögboðin gjöld og krefst endurgreiðslu.

Í kröfugerð kæranda segir m.a. að um sé að ræða veiðistöng sem var send erlendis til viðgerðar skv. ábyrgðarskírteini. Viðgerðin hafi verið útflytjanda sannanlega að kostnaðarlausu og ábyrgðin innifalin í kaupverðinu. Varan fékk engu að síður tollmeðferð eins og um nýja vöru væri að ræða. Kærandi telur að með þessu felist ólöglegt tvísköttun, sbr. 2. mgr. 7. gr. tollalaga. Þetta komi berlega fram í athugasemdum við frumvarpið. Þar er m.a. fjallað um hliðstæðuna við söluskattslögin, nú virðisaukaskattslögin. Sendingin sé undanþegin virðisaukaskatti skv. 8. tl. 2. gr. rgl. 194/1990. Þá telur kærandi að 3. mgr. 7. gr. varðandi innflutninginn eigi berlega ekki við en þar segir: "Breyti vörur, sem sendar eru utan til aðvinnslu, svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir skal greiða af þeim toll eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda, aðflutta vöru." Hann telur að varan hafi ekki verið send út til "aðvinnslu" heldur til viðgerðar, sbr. 2. mgr. 7. gr. Í öðru lagi "varð ekki úr nýr hlutur" við "aðvinnsluna" eða viðgerðina. Veiðistöngin sem send var út til viðgerðar sé eftir sem áður veiðistöng. Hér sé bersýnilega ekki átt við endurnýjun á sama hlutnum heldur breytingu á honum. Ef varan breytti t.d. um tollflokk væri það vísbending um slíkt.

Að lokum minnir kærandi á ákvæði stjórnarskrár og hæstaréttardóma sem kveða á um að skattlagningarákvæði beri að túlka þröngt og krefst endurgreiðslu með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá greiðsludegi, 15. október 1999.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra nr. 8/2000 segir m.a. að í 2. mgr. 7. gr. tollalaga nr. 55/1987 segi að vörur sem á ábyrgðartíma séu sendar utan til viðgerðar skuli við innflutning undanþegnar tolli, enda séu að mati tollstjóra færðar fullnægjandi sannanir á að viðgerðin sé viðkomandi að kostnaðarlausu og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar. Í 3. mgr. 7. gr. tollalaganna segir að breyti vörur, sem sendar eru utan til aðvinnslu, svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir skuli greiða af þeim toll eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda, aðflutta vöru.

Tollstjóri lítur svo á að 3. mgr. 7. gr. tollalaga nr. 55/1987 eigi við í þessu tilviki þar sem nýr hlutur kom í staðinn fyrir þann gallaða en ekki var um viðgerð að ræða. Því verði þar af leiðandi að greiða af vörunni toll eins og segir í greininni. Þá bendir tollstjóri á að í 4. gr. reglugerðar nr. 545/1990, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, eyðileggingar, rýrnunar, skemmda, vöntunar eða endursölu til útlanda o.fl., ásamt síðari breytingum, segi að tollstjóra sé heimilt að lækka, falla frá innheimtu eða endurgreiða aðflutningsgjöld af ónotaðri vöru sem reynist haldin galla og send er aftur til útlanda eða er fargað undir tolfefirliti, enda sé lögð fram staðfesting hins erlenda seljanda á því að hann annað hvort taki vöruna aftur vegna gallans eða hann af sömu ástæðu óski eftir förgun hennar í stað endursendingar. Framangreint ákvæði geti leitt til þess að endurgreiða beri aðflutningsgjöld af hinni endursendu vöru en bent er á að um ónotaða vöru þarf að vera um að ræða.

Með vísan til þess sem að framan er rakið hafnar tollstjóri endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna innflutnings aðurnefndrar veiðistangar.

Ríkistollstjóra var send kæran til umsagnar með bréfi þann 7. júlí 2000. Í svari sem barst þann 1. ágúst s.l. segir m.a. að það sé meginregla tollalaga að innfluttar vörur eru tollskyldar, sbr. 4. gr. laganna. Sama gildir raunar um virðisaukaskatt við innflutning, sbr. 1. gr. og XI. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Ekki verði annað séð af orðalagi 2. mgr. 7. gr. tollalaga og af samanburði þess ákvæðis við ákvæði 3. og 4. mgr. sömu greinar, en að í 2. mgr. sé byggt á því að *sama vara* og send hefur verið utan til viðgerðar komi til baka að viðgerð lokinni. Það er ekki tekið fram í 2. mgr. að vara megi koma í stað annarrar vöru sem send hefur verið utan. Ríkistollstjóri fellst því ekki á að skilyrði undanþágu 2. mgr. 7. gr. tollalaga, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga um virðisaukaskatt, séu uppfyllt í þessu máli. Undanþágur frá meginreglum tolla- og skattalaga um gjaldskyldu eigi almennt að skýra þröngt í þeirri merkingu að það ber almennt að ganga eftir því að skilyrðum fyrir undanþágum sé tvímælalaust fullnægt, sbr. t.d. Almenna lögfræði eftir Ármann Snævarr (útg. Rvík, 1989), bls. 474 og 511.

Ríkistollstjóri segir það rétt hjá kæranda að almennt eigi að túlka skattlagningarheimildir þröngt. Það sé þá í þeim skilningi að heimildin til þess að fella byrði á borgarana þurfi að vera ótvíræð. Það mál sem hér liggja fyrir varði ekki skýringu skattlagningarheimilda, heldur skýringu á undanþágureglu tollalaga.

Það er mat ríkistollstjóra, að ekki hafi verið um eiginlega tvísköttun að ræða eins og kærandi heldur fram þar sem skattandlagið var ekki hið sama í báðum tilvikum. Það sé ekki um það að ræða að krafist sé aðflutningsgjalda á ný af sömu vörunni.

Þá telur hann ákvæði 8. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af

aðkeyptri þjónustu erlendis frá, með síðari breytingum, ekki eiga við í málinu. Þá segir orðrétt í kröfugerð ríkistollstjóra: "Tollstjóri byggir á því að 3. mgr. 7. gr. tollalaga eigi við í þessu máli. Varan hafi breytt svo eðli sínu við aðvinnslna að úr hefur orðið ný vara og því skuli greiða af henni toll eins og um sé að ræða erlenda, aðflutta vöru. Það er ekki um það að ræða að veiðistöng hafi fengið þá meðferð í útlöndum að úr hafi orðið ný veiðistöng. Fyrri stöngin fékk sennilega enga meðferð þar sem hinn erlendi þjónustuaðili sendi viðskiptavini sínum einfaldlega nýja stöng. Þetta virðist tollstjóri leggja að jöfnu við að vara hafi breytt um eðli. Hér verður því hins vegar haldið fram að varan sem send var utan hafi ekki breytt um eðli í skilningi ákvæðisins og því eigi ákvæðið ekki við.

Það er niðurstaða ríkistollstjóra að 7. gr. tollalaga eigi ekki við í þessu máli. Öðru undanþáguákvæði er ekki til að dreifa og því ber að innheimta aðflutningsgjöld af umræddri veiðistöng.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, getur kærandi átt rétt á endurgreiðslu vegna fyrri tollafgreiðslu að fullnægðum skilyrðum 4. gr. reglugerðar nr. 545/1990."

Með vísan til ofanskráðs krefst ríkistollstjóri þess að úrskurðað verði að greiða beri aðflutningsgjöld af veiðistönginni sem fjallað er um í hinum kærða úrskurði.

Ríkistollanefnd sendi kröfugerð ríkistollstjóra til umsagnar kæranda þann 9. ágúst s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 14. s.m. segir kærandi að hann telji erindi sitt nægilega vel rökstutt og að ekkert nýtt komi fram í kröfugerð ríkistollstjóraembættisins.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir þau gögn sem lögð hafa verið fram. Í máli þessu er deilt um innheimtu aðflutningsgjalda af Orvís fluguveiðistöng sem seld var með 25 ára ábyrgð gegn skemmdum frá framleiðanda. Kærandi sendi stöngina út til framleiðanda til viðgerða. Hann ákvað án samráðs við kæranda að senda nýja stöng í stað viðgerðarinnar honum að kostnaðarlausu. Tollstjóri ákvað verð á vöruna til tolls skv. uppgefnu verði á reikningi er fylgdi sendingunni.

Í 7. gr. tollalaga nr. 55. frá 1987 með síðari breytingum er fjallað um **Vörur úr viðgerð og annarri aðvinnslu**. Þar segir: Nú eru vörur sendar til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, málmhúðunar eða annarrar aðvinnslu, og þær breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnslna að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning þeirra er fullnægt þeim skilyrðum sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgreinar og skal þá greiða af aðvinnslukostnaði, að viðbættum flutningskostnaði til landsins, þann toll sem sams konar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni.

Vörur sem á ábyrgðartíma eru sendar utan til viðgerðar skulu við innflutning undanþegnar tolli, enda séu að mati tollstjóra færðar fullnægjandi sönnur á að viðgerðin sé viðkomandi að kostnaðarlausu og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

Breyti vörur, sem sendar eru utan til aðvinnslu, svo eðli sínu við aðvinnslna að úr verði nýir hlutir skal greiða af þeim toll eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru."

Það er óumdeilt í þessu máli að framleiðandi vörunnar sendi nýjan hlut í stað þess er sendur var út til viðgerðar. Það fór því ekki fram nein viðgerð á hinum gallaða hlut. Þegar af þeirri ástæðu á 7. gr. Tollalaga, sbr. reglugerð nr. 545/1990, ekki við um innflutning á þeirri veiðistöng sem hér er til umfjöllunar. Ekki er lagaheimild til annars en að innheimta lögboðin gjöld af þessum innflutningi.

Með vísan í framanritað og til 101. gr. tollalag nr. 55/1987, með síðari breytingum, kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Af sendingu F745 15 10 9 GB EMA Z048 skal greiða aðflutningsgjöld kr. 5.161.